

# Ferðafélag Fjarðamanna

## Ferðadagskrá og fréttabréf 2012

1. tbl. 16. árg. Apríl 2012 Ábyrgðarm. Sigurborg Hákonard. og Laufey Þ. Sveinsd.

Slagorð félagsins er  
„Eitthvað fyrir alla  
og allir með“



### Skáli félagsins er á Karlsstöðum í Vöðlavík

Pantanir á gistingu eru hjá Ínu í gsm 894-5477.

Í skálanum er góð gistiaðstaða, rúmgóður matsalur, góður borðbúnaður og eldað er á gasi. Vatnssalerni og sturta eru í sér húsi við hlið skálans. Stórt kolagrill og góður sólpallur er við skálann. Sjálfboðaliðar óskast til skálavörslu og gefur Lulla upplýsingar í síma 863-3623.

Hafið þetta eintak við hendina og takið þátt í ferðum sumarsins

Sækjum orku og skemmtun í útivist og góðan félagsskap

**Allir eru hjartanlega velkomnir í ferðir!**



# Ferðadagskrá 2012

## 6. apríl. Föstudagurinn langi.

### Píslarganga á skíðum.

Vonandi verður nægur snjór!!

Ræðst af snjóalögum hvar gengið verður. Nánar auglýst á heimasíðu.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 8. apríl. Páskadagur.

### Hátíðarganga út í Páskahelli í Norðfirði.



Mun sólin dansa þessa páska? Upprifjun á sögnum.

Mæting kl. 06:00 við vitann á Bakkabökkum.

Fararstjóri: Ína Gísladóttir

Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 8. apríl. Páskadagur.

### Grænafell.



Fjölskylduganga á Grænafell í Reyðarfirði þar sem páskaeggjð er opnað.

Mæting kl. 10:00 við Geithúsárgil.

Fararstjóri: Róbert Beck.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 28. apríl. Bæjarrölt á Fáskrúðsfirði.



Bæjarrölt, blandað saman fróðleik, léttri göngu og skemmtun. Endað í kaffi í Sumarlínu.

Mæting kl. 11:00 við Franska safnið.

Fararstjóri: Berglind Agnarsdóttir.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 12. maí. Fuglatalning og fuglaskoðun á leirum Reyðarfjarðar og Norðfjarðar.

Samvinnuferð með Náttúrustofu Austurlands. Sérfræðingar hennar stjórna talningu og koma með „fuglaskóp“ fyrir þátttakendur. Frítt fyrir alla.

Mæting á hálfjörú kl. 12:30 á Norðfirði og kl. 13:30 á Reyðarfirði.

Frítt fyrir alla.

## 26 - 27. maí. Viðfjörður – Barðnes. Vor á Suðurbæjum.



1. dagur: Siglt frá Norðfjarðarhöfn til Viðfjarðar kl. 09:00. Gengið í Sandvíkurskarð og þaðan út að Barðnesi. Glæsilegt útsýni úr Skarðinu. Gist á Barðnesi.

2. dagur: Gengið í Skollaskarð og þaðan upp á Vatnshól. Farið í Mónes og út fjörur að einstökum steingervingum og síðan í bakaleið út á Hornfont. Siglt til baka frá Barðnesi ef veður leyfir, annars frá Viðfirði. Litskrúð í líparíti, rústir, einstakar sögur, fuglalíf og stórfenglegt útsýni ef vel viðrar. Máltíð að hætti fararstjóra á laugardagskvöld er innifalin. Þátttakendur koma með annað nesti og svefnpoka. Hámarksfjöldi 20 manns.

Börn frá 8-15 ára greiða hálf gjald. Fararstjórar Ína s. 894-5477 og Laufey s. 863-3623. Skráning í síðasta lagi fimmtudagskvöld fyrir ferð.

Verð: Auglýst síðar.

## 8. júní. Kvöldganga um Geldingaskarð.



Gengið frá Oddsskarðsgöngum um Geldingaskarð niður í Seldal.

Mæting kl. 19:00.

Fararstjóri: Ína Gísladóttir.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 9. júní. Innri-Jökulbotnar í Reyðarfirði.

Gengið um Álfrhóla upp í Jökulbotna í Reyðarfirði að surtarbrandsnámu sem þar er. Fararstjóri Einar Þorvarðarson. Mæting við Fáskrúðsfjarðargöngin kl. 10:00 (Reyðarfjarðarmegin). Verð kr. 500 fyrir fullorðna

## 16. júní. Grákollur Upphitun fyrir gönguviku.

Gengið á og umhverfis Grákoll (771m) sem er fjall milli Reyðarfjarðar og Hellisfjarðar og til baka um Eydalafjall. Mæting við Útstekk kl. 10:00. Fararstjóri: Sjöfn Gunnarsdóttir. Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 17. júní. Gráfell.

Upphitun fyrir gönguviku. Gengið á Gráfell, milli Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. (735m) Mæting kl. 10:00 við bæinn Stöð í Stöðvarfirði. Fararstjórar: Þorgeir og Hrafn. Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 23. - 30. júní. Á fætur í Fjarðabyggð.

Göngu- og gleðivika fyrir alla fjölskylduna. Nánar auglýst síðar.

## 6. júlí. Kvöldganga upp með Helgustaðaá í Reyðarfirði. +

Gengið upp með gili Helgustaðaár og þaðan út í silfurbergsnámu. Mæting kl. 20:00 við Helgustaði. Fararstjóri Sjöfn Gunnarsdóttir. Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 7. júlí. Eskifjarðarheiði.

Eskifjarðarheiði gengin frá Tungudal í Eskifjörð Mæting kl. 09:00 við borholu hitaveitunnar í Eskifirði þar sem sameinast er í bíla. Fararstjóri: Árni Ragnarsson. Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 14. júlí. Botnatindur og Áreyjartindur.

Gengið á Botnatind (1163m) og Áreyjartind (971m) Mæting kl. 09:00 við Áreyjar. Fararstjóri: Róbert Beck. Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 20. júlí. Hólmanes.

Gengið um Hólmanesið. Einstök náttúrufegurð. Mæting upp á Hólmahálsi kl. 19:00. Fararstjóri: Guðrún Jónsdóttir. Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 21. júlí. Sauðabólstindur (859m)

Einstakt útsýni. Mæting kl. 10:00 við tjaldsvæðið á Stöðvarfirði. Fararstjóri: Róbert Beck. Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 28. júlí. **Neistaflugsganga á Nípukoll.**

Fararstjórar: Benti og Jóna Kata.  
Mæting við Norðfjarðarvita kl. 10:00.  
Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 4. ágúst. **Fannardalshringurinn.**

Gengið á Goðaborg (1132m) síðan inn Eggjar á Fönn (1058m), þaðan er haldið út Fannarhnjúka um Ljósártind, Sauðatind og Nóntind, endað niður Hólafjall í Seldal.  
U.þ.b. 33 km.  
Mæting við bæinn Seldal kl. 08:30.  
Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson s. 864-7694.  
Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 4. ágúst. **Neskaupstaður.**

Snjóflóðagarðar og skógræktin í Neskaupstað skoðuð.  
Mæting kl. 10:00 við vitann.  
Fararstjóri: Smári Geirsson.  
Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 11. ágúst. **Vaðhorn.**

Gengið frá Tungu í Fáskrúðsfirði inn Tungudal á Vaðhorn milli Breiðdals og Fáskrúðsfjarðar.  
Mæting við Tungu kl. 10:00.  
Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.  
Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 18. ágúst. **Sameiginleg ferð Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Ferðafélags Fjarðamanna.**

Genginn hringur um Jökuldal og Dimmadal í Borgarfirði í fylgd Bryndísar Skúladóttur, u.þ.b. 7-8 klst. ganga. Matur í Álfakaffi, kjötsúpa og fiskisúpa.  
Eldsneytiskostnaði deilt. Brottför frá gamla tjaldstæðinu á Egilsstöðum kl. 08:00.  
Sameinast í bíla.  
Verð kr. 3000 – innifalið leiðsögn og matur.

## 25. ágúst. **Kistufell, nyrsti hnjúkur (1231m).**

Gengið upp Launárdal um Sauðahlíðaraur á fjall (1231m) sunnan við Eldhnjúka.  
Mæting við kofann á Fagradal kl. 10:00.  
Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson  
Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 1. sept. **Fáskrúðsfjarðarhringurinn.**

Hjólað út Reyðarfjörð. Ca. 65 km.  
Mæting kl. 10:00 við göngin Reyðarfjarðarmegin.  
Fararstjóri: Árni Ragnarsson.  
Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

## 8. - 9. sept. **Helgi í Vöðlavík.**

Annan daginn verður gengið að sunnanverðu í Vöðlavík en hinn daginn að norðanverðu.  
Boðið upp á gistingu í skála ferðafélagsins að Karlsstöðum fyrir þá sem það vilja.  
Á laugardagskvöldið verður sameiginlegur kvöldverður. Þeir sem ætla að snæða kvöldverð skrái sig í síma 863-3623 eigi síðar en fimmtudagskvöldið fyrir ferð.  
Mæting kl. 10:00 við Karlsstaði.  
Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson  
Verð: Auglýst síðar.



## Nýtt gönguleiðakort

Í júnílok 2011 kom út þriðja útgáfa af göngukortinu “Fjarðaslóðir” austast á Austfjörðum. Kortagerðarmaður er Hafþór Snjólfur Helgason, baksíða og útlit er hannað af Ingunni Þráinsdóttur í Héraðsprenti og þar er kortið einnig prentað og brotið. Þrjú þúsund eintök voru prentuð. Ritstjórn, baksíðutexti og fjármögnun var í höndum Ínu D. Gísladóttur, sem er afskaplega ánægð með vinnu allra þeirra sem lögðu þar hönd að verki. Textinn á baksíðu er á íslensku og ensku og þýddi Robyn Vilhjálmsson leiðalýsingar og upplýsingapistla en Gillian Hayworth þjóðsögur af svæðinu. Það stóð á endum, að þegar nýja kortið rann út úr prentvélunum, var upplag þess gamla á þrotum. Kortið fæst víða um Austurland og einnig í bókabúðum í Reykjavík og hjá Ferðafélagi Íslands. Félagið gaf grunnskólum á því svæði sem kortið nær yfir plöstuð kort og vonast til að krakkarnir hafa ánægju af að vinna einhver verkefni sem tengjast þeim. Alcoa og Einar Bridde styrktu útgáfu kortsins og auk þess fengum við góðar auglýsingar.

## Endamerkingar á gönguleiðum

Þegar þetta er skrifað eru 23 leiðbeiningaskilti á endum gönguleiða í Fjarðabyggð að renna gegnum prentvélarnar í Skiltavali á Reyðarfirði. Við gerð þeirra er nýja kortið notað til grunnupplýsinga og texti Ínu D. Gísladóttur á íslensku og ensk þýðing Robin Vilhjálmsson á honum leiðbeinandi um erfiðleikastig og lengd leiðar o.fl. Uppsetning og útlitshönnun er í höndum Hafþórs Snjólfs Helgasonar, sem vinnur þar afar gott verk fyrir félagið. G. Skúlason hefur smíðað nokkra nýja standa fyrir upplýsingar og þarf að endurnýja hluta af öllum þeim sem fyrir eru svo sem skráfur og tréfót, einnig verða settir fimm nýir standar við leiðir milli Karlsskála og Vöðlavíkur, annars vegar um Krossanes og við vegamót upp á Valahjalla og hins vegar um Karlsskálaskarð. Þá hefur í stöku tilfellum borið á skemmdarverkum þar sem standar hafa verið notaðir sem skotmark og eyðilagðir á annan hátt. Sem betur fer er þarna aðeins um fáa staði að ræða. Ferðamálastofa og Samvinnufélag Útgerðarmanna styrktu þetta verkefni. Eftir er að stíka leiðina um Karlsskálaskarð. Þar er talsvert verk fyrir höndum sem þarf að vinna af alúð. Einnig er nauðsynlegt að yfirfara allar leiðir í sumar, skipta út ónýtum stikum og setja nýjar þar sem það á við og mála þær gömlu.

**Styrktaraðilum eru færðar þakkir fyrir framlag þeirra til þessara verka, án þeirra væri ekki grundvöllur fyrir því að standa jafn myndarlega að verki.**






## Fréttir frá félaginu

Sex göngugarpar kláruðu fjöllin fimm 2011 og eru þeir þá orðnir 86 sem bera heiðurstítilinn Fjallagarður Fjarðabyggðar. Á heimasíðunni eru allir fjallagarðarnir kynntir, þar eru einnig allar upplýsingar um hvað þarf til að fá nafnbótina Fjallagarður Fjarðabyggðar. Gengið verður á öll fimm fjöllin í gönguvíkunni.

Mjög fáar gistinætur voru seldar á Karlsstöðum 2011 eða um 85. Almennt var lítil umferð útivistarfólks um Austurland enda kalt og sólarlítið sumar.

Stjórnin vill minna alla þá sem hafa gönguleiðir í föstri á að fara yfir stikurnar og bæta í ef þarf. Allt starf félagsins er unnið í sjálfbodaliðavinnu og vinna margar hendur létt verk. Viljum við biðja félagsmenn að taka þátt í viðhaldi á skálanum okkar að Karlsstöðum og stíkun á nýjum gönguleiðum. Eins auglýsum við eftir nýjum félögum sem hafa áhuga á að taka þátt í starfi félagsins og njóta útivistar í góðum félagsskap.





**Nýr og skemmtilegur fjölskylduleikur  
Ferðafélags Fjarðamanna hefst 1. júní 2012**

**Í leiknum felst að:**

- kaupa fjölskyldubókina kr. 1.500
- heimsækja 12 valda staði í Fjarðabyggð, tvo í hverjum firði
- finna dótakassann
- stimpla (gata) á stimpilsíðuna í fjölskyldubókinni
- skrifa í gestabókina
- fá verðlaun þegar allir staðirnir hafa verið heimsóttir

**Góða ferð og njótið þess sem útvera, hreyfing og samvera hefur upp á að bjóða. Leikurinn er fyrir alla unga sem aldna.**





## Aðalfundur Ferðafélags Fjarðamanna

verður haldinn í húsnæði  
björgunarsveitarinnar Gerpis,  
Nesgötu 4, Neskaupstað,  
mánudaginn 30. apríl kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf,  
inntaka nýrra félaga, fjallagarpar  
ársins 2011 verðlaunaðir.  
Kaffiveitingar og myndasýning.

Nánari ferðadagskrá, upplýsingar um sögu og starf félagsins,  
fjallaleikinn „Fjöllin fimm“, kynningu á fjallagörpum,  
fjölskylduleikinn „Fjarðbyggðarflakk“, myndir úr ferðum og  
starfi og fleira skemmtilegt er að finna á heimasíðu félagsins

**[www.simnet.is/ffau/](http://www.simnet.is/ffau/)**

**Tölvupóstfang; [seldalur@centrum.is](mailto:seldalur@centrum.is)**

### Allar ferðir eru auglýstar í Dagskránni

Ef þess er ekki sérstaklega getið greiða 16 ára og eldri  
sem fullorðnir og börn frá 8 - 15 ára greiða hálf gjald.

Allir göngumenn eru á eigin ábyrgð í ferðum okkar.  
Athygli er vakin á, að fólk kanni sínar fjölskyldu-  
og frítímatryggingar.